

hvað? hvar? hvenær?

23 24 25 26 27 28 29

Mánudagur

FUNDIR

□ 20.30 Þórunn Pétursdóttir, landfræðingur og meistaranemi við Landbúnaðarháskólann á Hvanneyri, flytur erindi sem hún nefnir „Útbreiðsla Alaskalúpínu í Þjóðgarðinum í Skafafelli.“ Um síðasta fræðsluerindi HÍN er að ræða og verður það í stofu 101, Lögbergi, Háskóla Íslands.

LEIKHÚS

□ 20.00 Söngvaseiður eftir þá Richard Rodgers og Oscar Hammerstein er sýndur í Þjóðleikhúsinu. Það er Litli leikklúbburinn og Tónlistarskóli Ísafjarðar sem setja sýninguna upp í leikstjóm Þórhildar Þorleifsdóttur.

Sumarbúðirnar  Ævintýraland

- Kvikmyndagerð
- Leiklist
- Myndlist
- Tónlist/dans
- Grimugerð
- Íþróttir
- Sundlaug
- Íþróttahúsi
- Stíflugerð
- Fjara
- Trampólín
- Boltaleikir

... og margt, margt fleira!

Upplýsingar og skráning
alla virka daga milli kl. 9 og 22

551 9160 • 551 9170

Kvöldvökur öll kvöld.
Hátíð og húllumhæ alla laugardaga.

www.sumarbudir.is

MYNDLIST

Sviptir skikkju af steinum


MYNDLIST „Mér finnst stundum eins og steinn sé svolítið eins og skikkja yfir einhverri mynd. Ég fer þá í hlutverk þjónsins og kippi skikkjunni ofan af steinum,“ segir Örn Þorsteinsson myndlistarmaður. Hann er um þessar mundir með sýningu á Kjarvalsstöðum á höggmyndum eftir sig sem unnar eru úr íslensku og grænslensku grjóti.

„Hún er oft furðuleg þessi leit að einhverri mynd í hverjum steini. Stundum er ég einhvern veginn alveg vissan um það hvað mér beri að gera og þá get ég gengið með miklum vaskleik að einhverjum steini. Það er bara örstutt í myndina.“

Örn hefur farið víða til að finna hentuga steina til að vinna úr. Margir þeirra eru frá Skagafirði, aðrir úr Vestmannaeyjum eða Öskjuhlóinni í Reykjavík. Svo eru þarna steinar frá Grænlandi.

„Þyngstu steinarnir á Kjarvalsstöðum eru kannski rétt um tonn að þyngd. Minnstu verkin eru hins vegar unnin í klébergið frá Grænlandi. Það er með aleista bergi sem fyrirfinnst á jörðinni. Það er um tvö þúsund milljón ára gamalt. Það er svo gamalt að maður bara nær því ekki alveg. Síðan eru minni grásteinsverkin öll unnin í efni sem kemur úr Öskjuhlóinni. Það eru litlir tilhöggur steinar sem hafa verið notaðir í hleðslu í alls konar byggingar. Þeir voru flestir unnir sennilega í atvinnubótavinnu milli stríða.“

Örn segir myndefnið gjarnan tengjast einhverjum sögnum eða



ÖRN ÞORSTEINSSON

Sýnir höggmyndir úr íslensku og grænslensku grjóti á Kjarvalsstöðum.

vættum. „Allar þessar sögur og ævintýri í bókmenntum okkar krauma alltaf og ólga í undirmeðvitundinni þótt ég sé kannski ekki alltaf með beina tilvísun í það. En það er eitthvað alveg sérstakt við að vinna í einhvern

stein sem hefur verið að velkjast í þúsundir ára í einhverju brimróti norður í Skagafirði. Maður er sjálfur einhvern veginn alveg reynslulaus miðað við þessa steina.“

gudsteinn@frettabladid.is

KAFFIHÚS

Útímenning í miðbænum

Andrúmsloftið breytist með hækkanði sól í miðbæ Reykjavíkur. Mannfjöldinn eykst í takt við hækkanði hita og léttklæddir borgarþáttar flatmaga á Austurvelli. Eitt af því sem ber vott um sumarkomuna er útíkaflúsin. Þeim kaffihúsum sem stilla borðum og stólum upp undir berum himni fjölga ár frá ári og sífellt verður vinsælla að sleikja sólna með kaffibolla í hönd.

En hvaða kaffihús eru þetta og hvar eru þau?

Café París, við Austurvöll, má kalla brautryðjanda útíkaflúsinna. Komist hitinn yfir 10 gráðurnar á sumrin er nánast öruggt að Kaffi París er þétt setið. Það má segja að útístemningin sé eitt af aðalsmerkjum staðarins.



Kaffibrennslan hefur einnig við sérstök tækifæri og í mjög góðu veðri skellt borðum út á stétt. Kaffihúsið geldur þó fyrir lítið pláss á stéttinni en er þekkt fyrir sumardrykkinn ískaffi.



Thorvaldsen bar er eins og Kaffi París duglegt að þjóna til borðs undir berum himni. Thorvaldsen hefur skipað sér sess sem hádegisverðarstaður og er vinsæll sem slíkur, staðurinn er við Austurvöll.

Apótekið er fjórða kaffihúsið við Austurvöll sem nýtir góða veðrið til að bera borðin út á stétt. Staðurinn sker sig þó úr að því leyti að hann býður upp á teppi sé hitastigið í lægri kantinum.

Vegamót eru eina kaffihúsið á Laugavegssvæðinu sem hefur aðstöðu til að þjóna úti í góða veðrinu. Staðurinn nýtur stöðugra vinsælda og er ávallt þétt setinn í hádeginu. Vegamót eru við Vegamótastíg.

Café Victor hefur undanfarin sumur notað tækifærið í góða veðrinu og raðað borðum við Hafnarstræti. Victor er á mótis við Ingólfstorg og því tilvalið að tylla sér niður og fylgjast með hjólabrettakrökkunum.

Háprýstidælur, ryk- og vatnssugur

Á tilboði núna

10.888,-

ALTO Aero 400
Ryk- og vatnssuga
Lofflæði : 3600 l/min
Mótor : 1200 W



9.888,-

ALTO COMPACT 1050 X-TRA
Prýstingur : 100 bar
Vatnsmagn : 360/400 l/klst



15.888 kr.

ALTO Speed 4050 X-TRA
Prýstingur : 110 bar
Vatnsmagn : 400/440 l/klst



Rekstrarvörur

- vinna með þér

Réttarhálsi 2 • 110 Reykjavík
Sími: 520 6666 • Fax: 520 6665
www.rv.is • sala@rv.is



□ Sýningin „Afrígðir af fegurð“ á Prikinu. Það er Feministafélag Íslands sem stendur fyrir henni.

□ Ljósmyndasýningin Myndaðir máls-hættir stendur nú yfir í Caffé Kúlture í Alþjóðahúsinu við Hverfisgötu, gegnt Þjóðleikhúsinu. Þetta er sýning á loka-verkefnum útskriftamema í ljósmyndun við Iðnskólann í Reykjavík. Sýningin stendur til 6. júní og er hún opin á afgreiðslutíma kaffihússins.

□ Björg Guðmundsdóttir er með sína fyrstu einkasýningu í Gallerí Tukt. Hinu Húsinu, Pósthússtræti 3-4. Björg tileinkar börnum leikskólans Laufásborgar verkin, sem eru innblásin af litum og leikjum þeirra.



□ Yfirlitssýning á rússneskri ljósmyndun stendur yfir á Kjarvalsstöðum. Verkin eru frá miðri nítjándu öld til dagsins í dag og bera glögg vitni um þær breytingar sem hafa átt sér stað í rússneskri ljósmyndun.

□ Sýning á höggmyndum eftir Örn Þorsteinsson stendur yfir á Kjarvalsstöðum. Sýningin teygir sig um ganga Kjarvalsstaða og umhverfis húsið.

□ Veronica Österman frá Finnlandi er með málverkasýningu í Lifthúsi Ófeigs, Skólavörðustíg 5. Sýningin er opin virka daga 10-18 og laugardaga 11-16.

Topp 20 tölvuleikir

SÖLUHÆSTU TÖLVULEIKIR SKÍFUNNAR - VÍKA 20

- 1 Eve Online / PC
- 2 Primal / PS2
- 3 Championship Manager 4 / PC
- 4 Grand Theft Auto Vice City / PC & PS2
- 5 NBA Street 2 / ALLAR TÖLVUR
- 6 Midnight Club 2 / PS2
- 7 Jurassic Park Operation Genesis / ALLAR TÖLVUR
- 8 Battlefield 1942 / PC
- 9 Viking Invasion: Medieval War / PC
- 10 NBA Live 2003 / ALLAR TÖLVUR
- 11 C&C Generals / PC
- 12 Delta Force Black Hawk Down / PC
- 13 Mortal Kombat Deadly Alliance / ALLAR TÖLVUR
- 14 Tom Clancy's Splinter Cell / ALLAR TÖLVUR
- 15 Tekken 4 / PS2
- 16 Spyro Enter the Dragonfly / ALLAR TÖLVUR
- 17 Battlefield 1942: Road to Rome / PC
- 18 Half-Life Generation 3 / PC
- 19 Harry Potter & The Chamber... / ALLAR TÖLVUR
- 20 Tenchu: Wrath of Heaven / PS2

Ráðlagður dagskammtur

FRÉTTABLAÐIÐ

Við segjum fréttir